

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups um, að Nauteyrarsókn verði skipt í tvennt, Nauteyrarsókn og Melgraseyrarsókn.

Ráðuneytið hefur móttengið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 13. júlí s.l., þar sem greint er frá samþykki safnaðarfundar Nauteyrarsóknar hinn 24. maí s.l., um skiptingu sóknarinnar í tvær sóknir, Nauteyrarsókn og Melgraseyrarsókn, en sú samþykkt var síðan staðfest af héraðsfundi Norður-Ísafjarðarprófastsdæmis hinn 14. júní s.l. Með skírskotun til tillagna yðar, um að fallizt verði á þá samþykkt framan- greindra aðila, að Nauteyrarsókn verði skipt í tvær sóknir, þannig að syðri hluti sóknarinnar, að Hallsstöðum, myndi Nauteyrarsókn, en Hallsstaðir og síðan allir bæir sóknarinnar norður að mörkum Unaðsdalssóknar myndi Melgraseyrarsókn, tekur ráðuneytið fram, að það staðfestir hér með, samkvæmt heimild 11. gr. laga um skipun prestakalla o. fl. umrædda tillögu um skiptingu Nauteyrarsóknar í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, þannig að hún taki gildi 1. október.

12. ágúst 1970.

Nr. 180.

AUGLÝSING

um notkun heimildar skv. 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 1/1970 um endurgreiðslur gjalda vegna skipasmíða og skipaviðgerða.

Ráðuneytið hefur ákveðið að nota framangreinda heimild eins og hér segir:

I. Endurgreiðslur vegna nýsmíði.

1. gr.

Þegar hafizt er handa um nýsmíði skips, skal skipasmíðastöð, óski hún endurgreiðslu tolla, tilkynna það siglingamálastjóra á þar til gerðu eyðublaði. Tilkynningunni, sem sendist í tvíriti, skal fylgja afrit af smíðasamningi, smíðalýsingu og fyrirkomulagsteikning.

2. gr.

Ráðuneytið mun endurgreiða 7.5% af sammingsverði skipa, annarra en súðbyrtra skipa, en þau skulu njóta tollendurgreiðslu samkvæmt 3. og 4. gr. þessarar auglýsingar. Með sammingsverði er átt við verð það, sem skráð er í smíðasamningi. Endurgreiðsla getur farið fram í eftirtöldum áföngum, gegn staðfestingu siglingamálastjóra hverju sinni, um að viðeigandi smíðastigi sé lokið eða afhending til kaupanda hafi farið fram.

- a. 2.5% þegar lokið er við að byrða bol skips eða sjóða hluta bols þess (sektionir) saman eða reisa bönd, ef um tréskíp er að ræða.
- b. 2.5% þegar búíð er að setja aðalvél og hjálparvélar á undirstöður.
- c. 2.5% þegar afhending skips til kaupanda hefur farið fram, eða smíði er endanlega lokið.

Af aðalvél, sem er undir 300 hestöflum, endurgreiðir ráðuneytið toll gegn framvisun frumrits tollreiknings og vörureiknings (faktúru) vélarinnar. Endurgreiðsla getur farið fram, þegar siglingamálastjóri hefur staðfest, að vélin sé komin á undirstöður í tiltekinni nýsmíði.